

AUGLÝSING

um breytingar á staðfestu aðalskipulagi Hveragerðishrepps.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið hinn 30. júní 1986 staðfest átta breytingar á gildandi aðalskipulagi Hveragerðishrepps.

Breytingarnar eru eftirfarandi:

- 1) Á Fagrahvammstúni er gert ráð fyrir íþróttasvæði.
- 2) Fljótsmörk lengist að Reykjamörk.
- 3) Íbúða- og ylræktarsvæði verður sunnan Fljótsmerkur.
- 4) Milli Þelamerkur og Austurmerkur verður íbúðasvæði og fleira.
- 5) Sunnan Austurmerkur og vestan Grænumerkur verður verslunar- og útivistarsvæði.
- 6) Austan Breiðumerkur að Tívolí verður verslunar- og iðnaðarsvæði.
- 7) Á spildu vestan Breiðumerkur verður verslunar- og iðnaðarsvæði, og skipulagi frestað.
- 8) Á spildu í Ölfusdal verður ylræktar- og iðnaðarsvæði ennfremur breytist lega aðkomuvegar.

Þessar breytingar hafa hlotið þá meðferð sem lög nr. 19/1964 gera ráð fyrir og hafa verið samþykktar af hreppsnefnd Hveragerðishrepps og skipulagsstjórn ríkisins.

Aðalskipulag Hveragerðishrepps, sem staðfest var 14. júlí 1982, breytist í samræmi við þessar samþykktir á ofangreindum svæðum. Að öðru leyti er gildandi aðalskipulag Hveragerðishrepps óbreytt.

Félagsmálaráðuneytið, 9. júlí 1986.

Alexander Stefánsson.

Hallgrímur Dalberg.

REGLUGERÐ

um bann við veiðum smábáta í ágúst 1986.

1. gr.

Á tímabilinu frá og með 1. ágúst til og með 10. ágúst 1986, er bátum, sem eru minni en 10 brl. óheimilt að stunda fiskveiðar aðrar en grásleppuveiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

2. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og ákvæðum laga nr. 97 20. desember 1985, um stjórn botnfiskveiða 1986—1987.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og laga nr. 97 20. desember 1985, um stjórn botnfiskveiða 1986—1987, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 4. júlí 1986.

F. h. r.

Árni Kolbeinsson.

Þórður Eypórsson.